

Menningar- og ferðamálasvið Reykjavíkurborgar, kt. 530269- 7609, annars vegar og Gómsætt ehf, kt.: 4405162030 hins vegar gera með sér eftirfarandi

## Samstarfssamning um rekstur Iðnó

### 1. gr. Markmið Reykjavíkurborgar

Markmið Reykjavíkurborgar með útleigu Iðnó er að:

- Iðnó verði opin og lifandi miðstöð menningarstarfs sem laði að sér breiðan hóp innlendra og erlendra gesta.
- Allri starfsemi í húsinu verði hagað á þann veg sem hæfir merkri sögu þess, byggingagerð og staðsetningu í hjarta borgarinnar. Fyllsta tillit sé tekið til þessa í innréttingum, tæknibúnaði, rekstri og umgengni.
- Skipuleggjendur menningarstarfs geti nýtt sér aðstöðuna á sanngjörnum kjörum.
- Í húsinu geti farið fram veitingasala, samkomur og annað er styrki rekstrarforsendur hússins.

### 2. gr. Starfsemi og markmið leigutaka

Gómsætt ehf skipar framkvæmdastjórn Iðnó. Framkvæmdastjórn til fulltingis er ráðgjafanefnd sem annast hluta af menningardagskrá hússins. Markmiðið er að útbúa ferli sem verði gagnsætt fyrir alla hagsmuna- og samstarfsaðila.

Markmið framkvæmdastjórnar með rekstri Iðnó er að Iðnó verði vettvangur lista, hönnunar og fræðslu. Stefnt er að dagskrá sem virðir söguna en er um leið meðvituð um samtímann.

Iðnó mun til jafns skipuleggja viðburði á eigin vegum og hýsa viðburði annarra. Hópar eða samtök geta sótt um að halda viðburði í gegnum ákveðið umsóknarferli. Ráðgjafanefndin mun meta umsóknir og gera tillögur um úthlutun. Umsóknir verða metnar á grundvelli gæða, fjölbreytileika, gildi og þess hvort þær hæfi húsnæðinu. Lögð er áhersla á náð samstarf við innlenda og alþjóðlega aðila um opna viðburði.

Iðnó verður einnig í boði fyrir einkasamkvæmi og hægt verður að bóka fundi, mannfagnaði og ráðstefnur. Hlutfall einkasamkvæma mun þó aldrei fara yfir 50% af viðburðum í húsinu á gefnu tímabili. Gómsætt ehf mun sjá um alla veitingastarfsemi. Lögð er áhersla á að kaffihúsið niðri verði andlit byggingarinnar og opið sjö daga í viku.

Áhersla verðu lögð á starfsemi sem annars vegar fellur vel að byggingunni sjálfri, og hins vegar á sér ekki endilega athvarf annars staðar. Menningarsögulegt gildi hússins er haft í heiðri.

### 3. gr. Húsaleiga og rekstur

Húsaleigusamningur milli Skrifstofu eigna- og atvinnuþróunar (SEA) og Gómsætt ehf verður fylgiskjal með samningi þessum. Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkur sér um umsýslu hússins og viðhald þess. Umsjón með starfseminni hefur Menningar- og ferðamálasvið Reykjavíkurborgar í umboði menningar- og ferðamálaráðs Reykjavíkurborgar.

Húsið er friðlýst skv. 18. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 og tekur friðlýsing til innra skipulags og ytra borðs.

Gómsætt ehf annast alla starfsemi sem fram fer í húsinu. Er þar átt við bæði veitingarekstur og menningartengda starfsemi. Gómsætt ehf ber ábyrgð á leigugreiðslum og rekstri hússins gagnvart Reykjavíkurborg.

Gómsætt ehf fær húsið afhent þ. 1.10. 2017. Gómsætt ehf greiðir 600 þús. kr. húsaleigu á mánuði (skv. verðlagi 1. apríl 2017) fyrstu 3 árin miðað við að greiðslur hefjist 1. des. 2017, en Menningar- og ferðamálasvið styrkir menningarstarfið með niðurgreiðslu á öðrum hluta húsaleigunnar. Leigan breytist mánaðarlega til hækkunar eða lækkunar með vísitölu neysluverðs til verðtryggingar.

Að loknu þriggja ára tímabili verður samkomulagið endurskoðað í samvinnu beggja aðila. Listræn, menningarleg og fjárhagsleg útkoma fyrstu þriggja rekstraráranna verði notuð til að komast að niðurstöðu um leiguverð í framhaldinu.

#### **4. gr. Ábyrgð**

Gómsætt ehf. ber ábyrgð á rekstri Iðnó og að reksturinn fullnægi kröfum um fagmennsku og gæði. Gómsætt ehf. ber ábyrgð á skuldbindingum sem það eða aðilar á þess vegum stofna til í tengslum við þennan samning. Gómsætt ehf. er óheimilt að setja samning þennan til tryggingar fjárskuldbindingu.

#### **5. gr. Upplýsingaskylda og eftirlit**

Samráðsfundir aðila samningsins skulu haldnir í maí árlega frá árinu 2018 þar sem farið verður yfir framkvæmd samningsins. Skrifstofustjóri menningarmála boðar til fundanna.

Gómsætt ehf skilar þá Menningar- og ferðamálasviði ársreikningi yfir rekstur Iðnó á liðnu ári og skýrslu um starfsemi hússins. Gómsætt ehf kynnir þá jafnframt stöðu rekstrar og framgang áætlunar yfirstandandi árs, áætlun um rekstur og starfsemi komandi árs, samstarf við menningarlífið og áætlað umfang annarrar starfsemi í húsinu.

Telji Menningar- og ferðamálasvið misbrest á framkvæmd samningsins eða óviðunandi óvissu ríkja um rekstur Iðnó ber því að tilkynna það menningar- og ferðamálaráði.

#### **6. gr. Vanefndir og meðferð ágreinings**

Telji Gómsætt ehf. hættu á að geta ekki uppfyllt samningsbundnar skyldur sínar skal Menningar- og ferðamálasviði Reykjavíkurborgar tilkynnt um það skriflega án tafar. Ef ekki tekst að endurskoða verkefnaáætlun þannig að markmiðum samningsins verði náð hefur Gómsætt ehf þrjú mánuði til að sýna fram á að það muni standa við samningsbundnar skyldur sínar samkvæmt ákvæðum samningsins, en að öðrum kosti rifta samningnum.

#### **7. gr. Gildistími**

Samningur þessi er gerður í samræmi við samþykkt menningar- og ferðamálaráðs dags. 13. mars 2017. Samstarfssamningurinn tekur gildi 1. október 2017 og gildir til 5 ára eða til 30. september 2022 með möguleika á framlengingu í allt að þrjú ár til viðbótar.

Samningurinn er gerður í tveimur samhljóða eintökum og heldur hvor aðili sínu eintaki.

**8. gr. Staðfesting og meðferð ágreiningsmála**

Samningurinn er gerður með fyrirvara um staðfestingu borgarráðs. Rísi ágreiningsmál út af samningi þessum skal það rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur

Reykjavík, 22. 6. 2017.

F.h. Reykjavíkurborgar

F.h. Gómsætt ehf.



Sigríður Ragnsdóttir



Vottar að rétttri dagsetningu og undirskrift:

Ólafur Hauksson 141258-4279  
Stjórnunarmáttækir 0704562579